

Reglugerð um Íslandsgöngur

1. Keppnin heitir Íslandsgangan.
2. Keppnin er fólgin í þátttöku í allt að sjö sjálfstæðum almenningsgöngum í hefðbundinni skíðagöngu á sama tímabili. Síðasta ganga tímabilsins er Fossavatnsgangan. Þau mót sem eru seinna sama vor teljast til stiga næsta tímabils.
3. Stig þátttakanda eru þannig reiknuð:

Sæti	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
Stig	20	15	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	1	1

4. Samanlögð stig úr öllum mótum ráða heildarúrslitum Íslandsgöngunnar. Séu keppendur jafnir að stigum í lok keppnistímabils skal sá teljast fremri sem hefur fleiri 1.sæti, 2.sæti o.s.frv.
5. Verðlaun í Íslandsgöngunni skulu veitt fyrir þrjú efstu sæti í eftirtöldum flokkum hjá körlum og konum. Þjóða skal öllum þátttakendum sem ljúka hverri göngu viðurkenningu fyrir þátttökuna. Mótsstjórn hverrar göngu ákveður með hvaða hætti viðurkenningin er. Aldursflokkar eru ákvarðaðir samkvæmt meðfylgjandi töflu:

	2024/2025*	2025/2026	2026/2027
17-34 ára	1991-2008	1992-2009	1993-2010
35-49 ára	1976-1990	1977-1991	1978-1992
50-64 ára	1961-1975	1962-1976	1963-1977
65 ára og eldri	1960 +	1961 +	1962 +

*Aldur miðast við almanaksárið 2025. Aldursflokkur er miðaður við upphaf árs en ekki fæðingardag. Nái keppni í Íslandsgöngunni yfir tvö almanaksár miðast aldur við fyrra almanaksárið. T.d. ef fyrsta gangan er í apríl/maí 2026 og sú síðasta í apríl 2027, miðast aldur við 2026. Færsla á milli flokka er óheimil.

Sérstök verðlaun skulu veitt þeim sem taka þátt í sex göngum Íslandsgöngunnar og hlýtur sá aðili Gull viðurkenningu. Sá sem hefur tekið þátt í fimm göngum fær Silfur viðurkenningu. Sá sem tekur þátt í fjórum göngum fær Brons viðurkenningu. Ef einhver eða einhverjar göngur falla niður vegna veðurs eða snjóleysis eða annarra orsaka þá lækkar krafan um fjölda ganga í gull, silfur og brons viðurkenningu sem því nemur. Ef ein gangan fellur niður þá er gullviðurkenning = 5 göngur o.s.frv. SKÍ greiðir fyrir verðlaun í samanlögðum árangri í einstaklings og liðakeppni hvers árs og sér um að útbúa viðurkenningar fyrir gull, silfur og brons viðurkenningu.

6. Samhliða Íslandsgöngunni er keppt í liðakeppni. Skrá þarf lið til leiks í Íslandsgöngunni á þar til gerðu skráningarblaði til Skíðasambands Íslands og skulu stig liðs byrja að telja eftir að skráning þess er móttækin. Hvert lið samanstendur af tveimur til sex keppendum.

Stigagjöf liðakeppni Íslandsgöngunnar miðast við heildarúrslit 17 ára og eldri, kvenna annarsvegar og karla hins vegar. Allir liðsmenn fá stig sem ljúka keppni innan stigmatöflu.

Sæti	stig	Sæti	stig	Sæti	stig
1	200	13	60	25	20
2	180	14	55	26	18
3	160	15	50	27	16
4	140	16	45	28	14
5	120	17	40	29	12
6	100	18	35	30	10
7	90	19	32	31	9
8	85	20	30	32	8
9	80	21	28	33	7
10	75	22	26	34	6
11	70	23	24	35	5
12	65	24	22		

Listi yfir skráð lið er birtur á síðu Íslandsgöngunnar og uppfærður eftir því sem skráningar bætast við.

- Verðlaun skulu veitt stigahæsta liði Íslandsgöngunnar í verðlaunahófi síðustu göngu mótaraðarinnar. Einnig er sigurliðinu afhentur farandbikar til varðveislu í eitt ár auk minni eignarbikars. SKÍ greiðir fyrir og er ábyrgt fyrir að útvega verðlaun fyrir síðustu göngu vetrarins auk útreiknings stiga.
- Stefnt skal að því að mótin fari sem víðast um landið. Sækja skal um mót í Íslandsgöngunni til skíðagöngunefndar SKÍ fyrir 15. apríl. Skíðagöngunefnd ákveður hvaða mót eru í Íslandsgöngunni ár hvert. Lágmarksvegalengd göngumóts í Íslandsgöngunni er 20 km. Þó gilda ekki reglur um hámarksvegalengdir í Íslandsgöngunni.
- Skíðagöngunefnd SKÍ er framkvæmdaaðili Íslandsgöngunnar og veitir allar almennar upplýsingar um keppnina, auglýsir hana í byrjun vetrar og birtir stigagjöf að lokinni hverri göngu og úrslit að lokinni síðustu göngu vetrarins. Framkvæmdaraðili hvers göngumóts skal tilnefna einn fulltrúa í samráðsnefnd Íslandsgöngunnar á hverju vori.
- Framkvæmdaraðili hvers göngumóts fyrir sig auglýsir mótið og birtir sín úrslit í fjölmiðlum og tilkynnir þau skriflega til SKÍ og skíðagöngunefndar SKÍ innan viku frá því gangan fór fram.
- Legu brautar í Íslandsgöngunni skal miða við að um almenningsgöngu er að ræða. Lágmarka skal hæðarmun eins og kostur er, tryggja skal að rými sé til að halda aftur af hraða á leið niður brekkur og radíus í beygjum sé það stór að ekki sé erfitt að standa í spori í gegnum beygjur.
- Að öðru leyti gilda mótareglur SKÍ um mótahald og keppni.

(Breytt á Skíðapingi 2024)